

Aðalfundur FÁSES 2024

Fimmtudaginn 26. september 2024 – Ölver, Reykjavík

Mætt: Ísak Pálmason, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Ásgeir Helgi Magnússon, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, Halla Ingvarsdóttir, Eva Dögg Benediktsdóttir, Sunna Mímisdóttir, Steinunn Björk Bragadóttir, Árný Eggertsdóttir, Linda Dröfn Jónsdóttir, Örn Steinar Arnarson, Weerapon Suriyaaruk, Guðmundur Már Ingimarsson, Pálína Ósk Kristinsdóttir, Kristján J. Pétursson, Kristín H. Kristjánsdóttir, Jóna Dögg Smáradóttir, Snædís Barkardóttir og Ólafur Snævar Aðalsteinsson.

13. aðalfundur FÁSES var settur kl. 19:37.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Ísak bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að hann sjálfur yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Þá lagði hann til að Laufey Helga Guðmundsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar 2023-2024 kynnt og tekin til umræðu

Formaður FÁSES kynnti skýrslu stjórnar 2023-2024. Ísak sagði frá því að 13. starfsári væri nú lokið og höfðu 518 félagar greitt félagsgjald sem væri 15% aukning frá fyrra ári. Nú væru 559 félagar virkir. Þá fór Ísak yfir viðburði FÁSES á félagsárinu, m.a. Kíkíokí í nóvember 2023 og árshátíð FÁSES. Voru árshátíðarnefnd færðar sérstakar þakkir fyrir frábæra skemmtun á árshátíð félagsins 21. október 2023. Ísak skýrði svo frá því að þegar þátttaka Ísraels í Eurovision 2024 hafi verið kynnt hafi fjölmiðlar óskað viðbragða FÁSES. Stjórnin hefði komið saman og samþykkt yfirlýsingu stjórnar sem tók mið af samþykktum FÁSES, fundargerðum aðalfunda og fyrri framkvæmd. Í kjölfar umræðu meðal félaga taldi stjórn FÁSES rétt að kalla til félagsfundar í desember 2023. Á honum var samþykkt að leggja undir félagana í almennri atkvæðagreiðslu áskorun til RÚV um að þau myndu sniðganga Eurovision ef Ísrael tæki þátt í ESC 2024. Sú ályktun var samþykkt í kosningu sem 238 félagar tóku þátt í. Ályktunin var samþykkt og var send RÚV og fjölmiðlum. Á félagsfundinum kölluðu félagar FÁSES eftir því að félagið myndi styðja keppendur í Söngvakeppninni þó ekki væri vilji til að styðja keppanda RÚV í Eurovision og haldnir yrðu viðburðir tengdir Söngvakeppninni. Í lok desember var haldið Barsvar með Charles og Sólrúnu og í janúar var hittungur þar sem horft var á kynningu framlaga í Söngvakeppninni. Úrslitahelgi Söngvakeppninnar innihélt m.a. FÁSES karaoke, Zumba og Júróklúbbinn, eftirparty á lönó. Eftir það lagðist FÁSES í dvala en stjórn sinni upplýsingagjöf til félaga sem fóru á Eurovision til Malmö.

Því næst fjallaði Ísak um miðauðhlutun á aðalkeppni Eurovision 2024 sem fór fram í nóvember 2023. Um 200 félagar skráðu sig á póstlista til að freista gæfunnar og fá miða og 92 félagar skráðu sig á skuldbindandi lista um miðakaup. FÁSES fékk úthlutað 172 miðapökkum og gat úthlutað öllum miðapökkum á beinu útsendingarnar. Hæsta félagsnúmerið sem fékk úthlutað miða á ESC 2024 var númer 1064 og gekk í klúbbinn haustið 2023 sem verður að teljast mjög góð þjónusta. Því miður gerðist það nú í ár að mörg sem skráðu sig fyrir bindandi miðaósk hættu við á síðustu stundu. Sem betur fer var hægt að redda og koma miðunum út í ár en þetta væri mjög bagalegt því hætta væri á að miðarnir nýttust ekki.

Í umræðum sagði Ásgeir að þegar miðauðhlutun fer eftir félagsnúmerum væri hættan sú að fólk sem var neðar á lista hafi keypt dómararennslismiða þegar þeim gæfist kostur á að kaupa miða á beinar útsendingar því einhver hætti við. Ísak sagði að taka þyrfti úthlutunarreglur til skoðunar og t.d. væri hægt að ákveða að einhver sem hættir við megi ekki kaupa miða í gegnum Eurovision í nokkur ár á eftir. Líka hægt að gera þetta þannig að fólk skilaði inn panti 10 þúsund kr. inn á reikning FÁSES til að staðfesta miðaósk sem síðan væri endurgreitt þegar fólk hefði fest kaup á miðapakka. Umræður voru um þetta og að það þyrfti að gera eitthvað í málinu. Ákveðið var að málið yrði tekið fyrir undir önnur mál. Sunna þakkaði stjórninni fyrir að höndla ógeðslega erfitt ár. Ísak þakkaði stjórn fyrir frábært samstarf á erfiðum tímum.

3. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga

Fundarstjóri bauð Höllu Ingvarsdóttur, gjaldkera FÁSES, að kynna reikninga félagsins. Halla fór yfir ársreikninginn og sagði frá því að FÁSES eyddi peningum til að skemmta félögum. Afkoma ársins var í tapi sem skýrðist af því að miðasala á Júróklúbbinn hefði verið dræmari en áður og síðan var kostnaður við auka félagsfund. Þetta varð til þess að FÁSES fékk 240 þúsund kr. lánaðar hjá sigursjóðinum, Gleðibankanum. Gert væri ráð fyrir að FÁSES borgaði skuldina til baka í rólegheitum.

Þá var opnað fyrir umræðu um reikninga félagsins. Laufey þakkaði Höllu fyrir góð störf og Ísak lét þess getið að það væri mikil vinna að vera gjaldkeri FÁSES. Spurt var um úrsagnir og sagði Halla að 26 hefðu sagt sig úr félaginu síðan í mars á þessu ári og 5 hefðu bæst við. Örn Steinar spurði um greiðslur félagsgjalda á síðasta félagsári og sagði Halla að sumir félagar hefðu borgað gjöldin fyrir fram. Örn Steinar spurði einnig hvaðan tekjur Gleðibankans kæmu. Ásgeir Helgi sagði að í Gleðibankann væri ekkert lagt inn heldur bara tekið út (þá var hlegið). Halla skýrði frá því að hlutfall félagsgjalda rynni í Gleðibankasjóðinn.

Fundarstjóri sagði frá því að Kristján J. Pétursson og Sunna Mímisdóttir, skoðunarfulltrúar reikninga, hefðu fengið reikningana til skoðunar. Sunna hefði komið með athugasemd um

flokkun viðfanga í ársreikningi um að inn í „viðburðir, aðrir en árshátíð“ væri miðasala seldra miða á Júróklúbbinn (200 þús. kr.). Var þessu komið á framfæri en athugasemdin sneri eingöngu að því hvernig viðföng ársreiknings væru flokkuð.

Að umræðum loknum lagði fundarstjóri reikningana undir fundinn til samþykktar og var hann samþykktur með lófaklappi.

4. Tillaga að félagsgjaldi

Fundarstjóri sagði frá því að félagsgjald FÁSES hefði ekki verið hækkað frá 2018 og að reglulega hefði verið skoðað hvort það ætti að breyta gjaldinu. Uppreiknað á verðlagi dagsins í dag ætti félagsgjaldið að vera 3.477 kr. Stjórnin lagði til að félagsgjaldið yrði 3.500 kr. fyrir árið 2025-2026.

Þá var opnað fyrir umræður um tillöguna. Sunna lagði til að félagsgjaldið yrði hækkað í 4.000 kr. Örn Steinar sagði að það væri ótrúlegt hvað gjaldið væri lágt og lagði til 4.500 kr. Kristján lagði til að gjaldið yrði 5.000 kr. Laufey tók fram að það væri alls konar fólk í FÁSES með alls konar tekjubakgrunn og taldi of skarpt að hækka upp í 5.000 kr. Steinunn lagði til að FÁSES tæki við frjálsum framlögum þeirra félaga sem meira fé mættu missa.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að félagsgjald FÁSES yrði 4.500 kr. fyrir félagsárið 2025-2026. Atkvæðagreiðsla fór fram með handauppréttingu og voru 9 samþykkir, 7 á móti og tveir sátu hjá. Tillagan taldist því samþykkt og félagsgjaldið verður 4.500 kr. á næsta ári.

5. Breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri skýrði frá því að samkvæmt 12. gr. samþykktu FÁSES skyldu allar tillögur að breytingum hafa borist stjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Engar tillögur bárust frá félögum og stjórn var heldur ekki með breytingatillögur.

6. og 7. Kosning stjórnar og skoðunarfulltrúa

Laufey lagði til að 6. og 7. dagskrárliðir yrðu teknir saman og var það samþykkt.

Fundarstjóri greindi frá því að á þessum fundi yrði kjörið í eftirfarandi embætti:

- Formaður - kjör til eins árs
- Ritari - kjör til eins árs
- Gjaldkeri - kjör til tveggja ára
- Alþjóðafulltrúi - kjör til tveggja ára
- Viðburðar- og kynningarstjóri - kjör til tveggja ára
- 1. varafulltrúi – kjör til eins árs.
- 2. varafulltrúi – kjör til eins árs.
- Tveir skoðunarfulltrúar reikninga - kjör til eins árs.

Á aðalfundi 2022 var kosið til gjaldkera, alþjóðafulltrúa og kynningar- og viðburðarstjóra til tveggja ára. Kjörtímabil þessara fulltrúa í stjórn væri nú lokið og tímabært að kjósa í þau á ný til tveggja ára. Á aðalfundi 2023 var kosið til formanns og ritara til tveggja árs. Þar sem Ísak og Laufey höfðu bæði ákveðið að segja af sér stjórnarstörfum þurfti að kjósa í þessi embætti til eins ár. Til viðbótar væri á hverjum aðalfundi kosnir tveir varafulltrúar stjórnar og tveir skoðunarfulltrúar reikninga.

Þá kannaði fundarstjóri hvort einhver byði sig fram til formanns FÁSES. Enginn bauð sig fram. Þá kallaði fundarstjóri eftir framboðuð til ritara FÁSES. Enginn bauð sig fram. Halla Ingvarsdóttir bauð sig fram til gjaldkera FÁSES og var hún sjálfkjörin með lófaklappi. Heiður Dögg Sigmarsdóttir bauð sig fram til alþjóðafulltrúa FÁSES og var hún sjálfkjörin með lófaklappi. Ásgeir Helgi Magnússon bauð sig fram til kynningar- og viðburðarstjóra og var hann sjálfkjörinn með lófaklappi. Pálína Ósk Kristinsdóttir bauð sig fram sem varafulltrúa stjórnar og var hún sjálfkjörin með lófaklappi. Pálína kynnti sig fyrir fundinum. Engin fleiri framboð bárust á fundinum. Fór fundarstjóri því yfir 2. mgr. 6. gr. samþykktu FÁSES um að stjórn væri heimilt að skipta í stöður og/eða gera breytingar á stjórn eftir þörfum ef ekki bærust framboð í öll embætti.

Kristján hvatti nýja stjórn til dáða og Örn Steinar sagði að FÁSES ætti að halda sínar skemmtanir.

Þá kallaði fundarstjóri eftir framboðum til skoðunarfulltrúa. Sunna Mímisdóttir og Kristján J. Pétursson buðu sig fram og voru sjálfkjörin með lófaklappi.

8. Samskiptastefna FÁSES

Fundarstjóri fór yfir að í yfirlýsingu stjórnar FÁSES á félagsfundi 20. desember 2024 hafi komið fram að á næsta aðalfundi félagsins myndi stjórnin leggja til að félagar samþykktu sérstaka samskiptastefnu FÁSES. Þar væri mögulegt að fela stjórn að koma fram í fjölmiðlum um tiltekin mál á grundvelli fyrir fram ákveðinna viðmiða og afmarka betur hvenær rétt væri að kalla til sérstaks félagsfundar.

Í samræmi við framangreint lagði stjórn FÁSES eftirfarandi drög að samskiptastefnu til umræðu á aðalfundi FÁSES 26. september 2024.

“Félag áhugafólks um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (FÁSES) er opinber aðdáendaklúbbur um Eurovision-söngvakeppnina. FÁSES hefur það að markmiði að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem hafa áhuga á Söngvakeppninni og Eurovision og öllu því sem henni viðkemur.

Stjórn FÁSES skal hafa frumkvæði að því að veita félögum skýrar og aðgengilegar upplýsingar um starfsemi félagsins. Stjórnin skal leitast við að vera í góðum samskiptum við félag, hvort sem er í eigin persónu eða á netinu. Stjórn FÁSES skal svara fyrirspurnum sem berast FÁSES innan hæfilegs frests.

Samskipti FÁSES við fjölmiðla skulu ávallt vera í samráði við formann FÁSES eða ritara í forföllum formanns. Formaður FÁSES tekur ákvörðun um hver kemur opinberlega fram fyrir hönd FÁSES.

Stjórn FÁSES skal leggja áherslu á fagmennsku og virðingu við umfjöllun um Söngvakeppnina og Eurovision sem er laus við ofurdramatík og niðurrífandi slúður.

Stjórnin gætir þess að persónulegar skoðanir endurspeglast ekki í umfjöllun við fjölmiðla eða á vef eða samfélagsmiðlum félagsins nema þess sé sérstaklega getið.

Stefnubreytingar í málefnum FÁSES skal bera undir félag á aðalfundi eða félagsfund. Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins skal bera undir aðalfund FÁSES.”

Laufey útskýrði að hér væri í raun ekkert nýtt á ferðinni heldur væri verið að færa í orð þær vinnureglur sem hafi tíðkast hjá FÁSES. Ásgeir lagði til að nota „gífuryrði, niðurrif og slúður“ í staðinn fyrir „ofurdramatík og niðurrífandi slúður“. Fundarstjóri lagði breytingartillöguna fyrir fundinn og var hún samþykkt. Þá lagði fundarstjóri samskiptastefnu FÁSES undir fundinn og var hún samþykkt einróma með lófaklappi.

9. Önnur mál

Fundarstjóri opnaði því næst fyrir umræðu um önnur mál.

Fundarstjóri lagði til að aðalfundur veitti stjórn heimild til að óska eftir 10 þús. kr. panti hjá félögum samfara bindandi miðaóskum á aðalkeppni Eurovision. Félagar fengu pantið endurgreitt þegar þau hefðu fest kaup á miðapakkanum sínum. Ef félagi festi ekki kaup á miðapakkanum sínum þá fengi hann pantið ekki endurgreitt. Var tillagan borin undir aðalfund og samþykkt með lófaklappi. Kristín lagði til að pantið yrði kallað „Nei eða já greiðsla“ og var það samþykkt með lófaklappi.

Þá lagði fundarstjóri til að fundurinn samþykkti að þegar félagar skrá sig úr FÁSES jafngilti það afskráningu félagsnúmers og ógildi þess frá og með úrsagnardegi. Ásgeir sagði að gæta þyrfti þess að ef fólk greiddi ekki félagsgjald jafngilti það ekki úrsögn úr FÁSES. Sunna lagði til að félagar yrðu varaðir við því að með úrsögn væri það að ógilda númerið sitt. Var þetta samþykkt af aðalfundi og að félagar fengu vikufrest áður en félagsnúmer væri ógilt („Think About Things“).

Kristín spurði hvað ritstjórn FÁSES.is ætti að gera á næsta ári og hófust þá umræður um fyrirhugaða starfsemi félagsins. Sunna, Ásgeir, Linda, Örn Steinar og Halla kvöddu sér hljóðs. Fundarstjóri gat þess að það væri ákall um að sameinast aftur og láta FÁSES hjartað slá og ákall væri um viðburði.

Fundarstjóri hóf þá umræður um hvað félagar vildu gera ef sama staða kæmu upp og síðasta vetur og hvert umboð stjórnar væri þá. Sunna vildi ekki að það yrði haldinn aukafélagsfundur aftur. Ásgeir velti fyrir sér hvort samþykkt frá félagsfundi í desember gildi enn. Laufey sagði að ályktunin væri ekki hluti af samþykktum FÁSES heldur ályktun félaga sem hefði gildi um Eurovision 2024. Eva Dögg sagðist vilja einblína á Söngvakeppnina. Halla spurði hvað félagar vildu gera. Örn Steinar lagði til að FÁSES myndi halda sína viðburði. Ásgeir sagði að hans mati væri FÁSES ekki stætt á að halda áfram samstarfi við RÚV um Júróklúbbinn. Frekar ætti að blása til góðs party fyrir félagar og þátttakendur í Söngvakeppninni væru velkomnir en þetta yrði ekki opinbert eftirparty RÚV. Laufey tók undir með Ásgeiri og sagði að halda ætti Söngvakeppninni og Eurovision aðskildu. Áfram var rætt um starfið í vetur og sagði fundarstjóri að skiptar skoðanir væru um málið. Flest voru sammála um leiðarstefið sem var sett fram á fundinum 20. desember 2023 um að skora á RÚV að sniðganga Eurovision og að félagið ætti ekki að láta mikið á sér bera í tengslum við Eurovision en halda tengslum við Söngvakeppnina innan þeirra marka sem væri skynsamlegt.

Ásgeir spurði hvort árshátíð FÁSES 2024 væri í pípunum. Halla sagði að félagar þyrftu þá að borga hærra miðaverð. Laufey lagði til að borðhaldi yrði sleppt. Örn Steinar taldi að fólk gæti alveg borgað meira. Halla velti fyrir sér hvort rétt væri að kalla til árshátíðarnefnd. Fundarstjóri sagði að ef einhver vildi vera í verkefnanefnd og aðstoða stjórn væri gott að heyra frá þeim svo stjórn gæti sett sig í samband við þau. Sunna lýsti sig reiðubúna að aðstoða og Jóna Dögg líka og var klappað fyrir þeim.

Fundarstjóri sagði að á aðalfundi OGAE International í maí sl. hafi verið rætt um þátttöku Ísraels í Eurovision. Í samþykktum OGAE International væri tekið fram að klúbbarnir væru ópólitísk samtök en á aðalfundinum hafi komið fram að OGAE Int. bæri virðingu fyrir því að klúbbarnir væru sjálfstæðar einingar.

Árný kvaddi sér hljóðs og bað fundinn um að klappa vel fyrir þeim sem væru að ganga úr stjórn; Ísaki, Laufeyju, Evu Dögg og Gísla og var það gert.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:51.